

Aðalfundur SKÝ

Dagur og tími: 14. febrúar 2011 kl. 16:00 – 18:00

Staðsetning : Engjateig 9, kjallara

Sigrún Gunnarsdóttir formaður SKÝ bauð aðalfundargesti velkomna og stakk uppá Jónanni Gunnarssyni sem fundarstjóra sem var samþykkt.

Jóhann tók við stjórn aðalfundar. Gengið var úr skugga með lögmæti fundarins og það staðfest.

Skýrsla stjórnar.

Sigrún Gunnarsdóttir flutti skýrslu stjórnar. Ábendingar um að Magnús hefði verið aðalmaður en ekki varamaður eins og fram kom í skýrslu. Jóhann Gunnarsson benti einnig á að minnst skuli látinna heiðursfélaga í skýrslu formanns en tveir eru látnir á árinu eins og getið er um í skýrslu Öldungaráðsins.

Skýrslur nefnda.

Sigrún formaður orðanefndar. Orðanefndin er að hreynsa upp það sem liggur fyrir henni. Fækkað hefur í nefndinni og ástæða til að endurskoða hlutverk nefndarinnar og samstarf við aðra aðila sem vinna að verndun og uppbyggingu málsins eins og Íslenk málnefn og Máltæknisetur.

Siðanefnd. Engin skýrsla.

UT konur. Engin skýrsla.

Valgerður Gunnarsdóttir formaður Fókus fór yfir skýrslu nefndarinnar. Fókus hélt stóra alþjóðlega ráðstefnu með rúmlega 70 erlendum gestum og um 100 innlendum gestum.

Faghópur um árangursríka vefstjórn. Engin skýrsla.

Þorsteinn Hallgrímsson formaður Öldungadeildar flutti skýrslu.

Jón Ingi Einarsson flutti skýrslu faghóps um fjarskipti.

Þorvarður Kári Ólafsson flutti skýrslu faghóps um öryggismál.

Eggert Ólafsson sagði frá starfi faghóps um rafræna opinbera þjónustu.

Ritnefnd, Þorvaldur Kári Ólafsson er að hætta sem formaður. Ásrún Matthíasdóttir tekur við sem ritstjóri.

Hugbúnaðarhópur. Ragnheiður Magnúsdóttir sagð frá faghópi hum hugbúnaðargerð sem er í stofnun.

Reikningar lagðir fram.

Eggert Ólafsson spurði um afskriftir á verðbréfum. VBS sá fyrir nokkrum árum um ávöxtun sjóða Ský, m.a. var keypt fasteignaverðbréf í Steinhellu 14 sem ekki er enn fullbúin og verðbréfið því lítils virði. Ef hluti þessa verðbréfs innheimptist kemur það Ský til góða þegar og ef það gerist.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

Lagabreytingar.

Lagðar voru fram tilögur að lagabreytingum sem snérust fyrst og fremst að uppsetningu hlutverks og markmiða SKÝ í framhaldi af stefnumótunarvinnu.

1 gr. Samþykkt samhljóða.

2 gr. Samþykkt samhljóða.

3 gr. Samþykkt samhljóða.

4 gr. Samþykkt samhljóða.

9. gr. Áður grein 7, dagsetingu breytt í 28 febrúar. Samþykkt samhljóða.

13 gr. áður 11 gr. Tilvísun í lok greinar sem áður vísaði í grein 2 felld út.

Félagsgjöld

Lagt til að þau verði óbreytt en markmið að fjölga félögum. Samþykkt.

Stjórnarkjör.

Tillaga um stjórn Ský 2010 – 2011 samþykkt samhljóða.

Tillaga að skoðunarmönnum samþykkt samhljóða.

Siðanefnd, sjálfkjörin.

Ritsjóri Ásrún sjálfkjörin.

Önnur mál.

Jón Ingi sagðist eiga fundargerðir SURIS frá upphafi, fengur að mati Jóhanns Gunnarssonar.

Jóhanni Gunnarssyni var þakkað með blóðum og sherry fyrir formannsstörf í Öldungadeild.

Þorvarði Kára Ólafssyni voru þökkuð góð störf sem ritstjóri ritnefndar með blómum og rauðvíni.

Hjörtur Grétarsson tók niður þessa punkta.